Reykjavíkurborg

Reykjavík, 20. maí 2022

Forsætisnefnd

***Breyting á staðarmörkum Reykjavíkur gagnvart Kjósarhreppi***

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að breyta staðarmörkum Reykjavíkur þannig að lóð sem nú fellur bæði innan jarðanna Stardals og Írafells og þar með innan staðarmarka bæði Reykjavíkur og Kjósarhrepps verði einungis innan staðarmarka Reykjavíkur. Jafnframt er lagt til að borgarstjórn samþykki að veita borgarstjóra heimild til að undirrita hjálagt samkomulag f.h. Reykjavíkurborgar um breytingu á staðarmörkum Reykjavíkur gagnvart Kjósarhreppi með framangreindum hætti.

**Greinargerð:**
Neyðarlínan ohf. hefur óskað eftir afmörkun á lóð fyrir fjarskiptastöð í Skálafelli á Mosfellsheiði. Lóðin, eins og lagt er til að hún verði afmörkuð, fellur bæði innan jarðanna Stardals og Írafells og þar með innan staðarmarka bæði Reykjavíkur og Kjósarhrepps.

Samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þá hafa sveitarfélög ákveðin staðarmörk sem ráðast af útmerkjum þeirra fasteigna og er óheimilt að breyta þeim nema með lögum.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga getur ráðherra breytt mörkum sveitarfélaga m.a. til staðfestingar á samkomulagi þeirra á milli. Í athugasemd við 4. gr. í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 138/2011 kemur m.a. fram að í 1. mgr. 4. gr. felist nýmæli um að kveðið sé á um að mörk fasteigna ráðist af útmerkjum þeirra fasteigna sem innan þeirra liggja. Fasteign muni því ekki geta fallið innan staðarmarka tveggja eða fleiri sveitarfélaga.

Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að breyta staðarmörkum þannig að lóðin falli innan Reykjavíkur. Eigendur jarðanna Stardals og Írafells hafa þegar samþykkt fyrir sitt leyti breytingu á landamerkjum jarðanna í samræmi við tilgreinda breytingu á staðarmörkum þannig að lóðin falli innan Stardals. Samkomulagið verður einnig lagt fyrir sveitarstjórn Kjósarhrepps til samþykktar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík og Kjósarhreppur, kt. 690169-3129, Ásgarði Kjós, 276 Mosfellsbæ, saman nefndir aðilar, gera með sér svohljóðandi

**Samkomulag um breytt staðarmörk**

**1. gr.**

Staðarmörk Reykjavíkur og Kjósarhrepps ráðast m.a. af landamerkjum jarðanna Stardals í Reykjavík (áður Kjalarneshreppi), landnúmer 125755 og Írafells í Kjósarhreppi, landnúmer 126136. Landamerki jarðanna eru ákvörðuð samkvæmt landamerkjabréfum dags. 20. nóvember 1888 og 31. maí 1912 (fylgiskjöl 1-3).

Neyðarlínan ohf. hefur óskað eftir afmörkun á lóð fyrir fjarskiptastöð í Skálafelli á Mosfellsheiði (fylgiskjöl 4-5). Lóðin, eins og lagt er til að hún verði afmörkuð, fellur bæði innan jarðanna Stardals og Írafells og þar með innan staðarmarka bæði Reykjavíkur og Kjósarhrepps.

Samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þá hafa sveitarfélög ákveðin staðarmörk sem ráðast af útmerkjum þeirra fasteigna og er óheimilt að breyta þeim nema með lögum.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga getur ráðherra breytt mörkum sveitarfélaga m.a. til staðfestingar á samkomulagi þeirra á milli. Í athugasemd við 4. gr. í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 138/2011 kemur m.a. fram að í 1. mgr. 4. gr. felist nýmæli um að kveðið sé á um að mörk fasteigna ráðist af útmerkjum þeirra fasteigna sem innan þeirra liggja. Fasteign muni því ekki geta fallið innan staðarmarka tveggja eða fleiri sveitarfélaga.

**2. gr.**

Aðilar eru því sammála um að staðarmörkum sínum verði breytt í samræmi við hjálagðan uppdrátt (fylgiskjal 6) og neðangreinda hnitsetningu svo reisa megi fjarskiptastöð Neyðarlínunnar ohf. á svæðinu:

| Hnitaskrá landamerkjapunkta | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÍSNET 93 | | | Landfræðileg hnit | |
| Punktur nr. | Austurhnit (m) | Norðurhnit (m) | Breidd (dd°mm'ss,ss") | Lengd (dd°mm'ss,ss") |
| 250 | 378.789,4243 | 417.782,3230 | 64°14'27,59" | -21°29'57,57" |
| 251 | 379.448,8620 | 417.248,9450 | 64°14'11,22" | -21°29'07,11" |
| 252 | 379.669,9448 | 417.127,0797 | 64°14'07'57" | -21°28'50,37" |
| 253 | 379.788,6818 | 417.162,8915 | 64°14'08,87" | -21°28'41,67" |
| 254 | 379.990,8190 | 417.335,8540 | 64°14'14,71" | -21°28'27,18" |
| 255 | 380.201,3190 | 417.610,2650 | 64°14'23,83" | -21°28'12,37" |
| 256 | 380.512,9830 | 417.673,9880 | 64°14'26,28" | -21°27'49,45" |
| 257 | 380.544,3576 | 417.696,2845 | 64°14'27,04" | -21°27'47,18" |
| 258 | 380.553,3097 | 417.688,0768 | 64°14'26,78" | -21°27'46,50" |
| 259 | 380.563,8772 | 417.691,7687 | 64°14'26,92" | -21°27'45,72" |
| 260 | 382.140,8060 | 418.242,6930 | 64°14'46,66" | -21°25'50,36" |

Með framangreindri breytingu á staðarmörkum mun tillögð lóð undir fjarskiptastöð Neyðarlínunnar ohf. falla innan staðarmarka Reykjavíkur. Eigendur jarðanna Stardals og Írafells hafa þegar samþykkt fyrir sitt leyti breytingu á landamerkjum jarðanna í samræmi við tilgreinda breytingu á staðarmörkum þannig að lóðin falli innan Stardals (fylgiskjal 7).

**3. gr.**

Að fengnu samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur og sveitarstjórnar Kjósarhrepps á samkomulagi þessu skulu aðilar undirrita það því til samræmis. Reykjavíkurborg skal í kjölfarið koma því til innviðaráðuneytisins til staðfestingar sem mun að lokinni staðfestingu auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.

**4. gr.**

Komi til ágreinings á grundvelli þessa samkomulags skal dómsmál um hann rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**5. gr.**

Eftirfarandi skjöl eru hjálögð samkomulagi þessu og eru hluti þess:

1. Landamerkjabréf Stardals, dags. 20. nóvember 1888.
2. Landamerkjabréf Írafells, dags. 31. maí 1912.
3. Vélritaður texti landamerkjabréfa jarðanna Stardals og Írafells.
4. Fundargerð fundar skipulags- og byggingarnefndar Kjósarhrepps frá 30. september 2021.
5. Útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúans í Reykjavík, dags. 12. október 2021.
6. Uppdráttur af landamerkjum, dags. 22. mars 2021.
7. Staðfesting eigenda jarðanna Stardals og Írafells á breyttum landamerkjum, dags. 25. mars 2021.

2022,

f.h. Reykjavíkurborgar　　　　f.h. Kjósarhrepps

____________________　　　　____________________

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift aðila.

______________________________________

______________________________________

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Reykjavík 12.10.2021

Landupplýsingar
Davíð Baldursson
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 8. október 2021 varðandi eftirfarandi mál.

**Stardalur/Skálafell**
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. ágúst 2021 var lagt fram bréf landupplýsingadeildar dags. 18. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir samþykki skipulagsfulltrúa að afmörkuð sé lóð utan um fjarskiptastöðina á Skálafelli á Mosfellsheiði, lóðin er í landi Stardals. Einnig er lagt fram samþykki landeiganda dags. 18. ágúst, lóðauppdráttur dags. 19. ágúst 2021 og yfirlitsmynd, samningur og hnitaskrá dags. 22. mars 2021. Einnig er lagður fram tölvupóstur skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps dags. 6. október 2021 ásamt fylgiskjali. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.

*Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. október 2021, samþykkt.*

F.h. skipulagsfulltrúa

Þuríður Guðmundsdóttir
Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 8. október 2021

**Varðar: Stardalur/Skálafell, afmörkun lóðar.**

Lagt er fram bréf landupplýsingadeildar dags. 18. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir samþykki skipulagsfulltrúa að afmörkuð sé lóð utan um fjarskiptastöðina á Skálafelli á Mosfellsheiði, lóðin er í landi Stardals. Einnig er lagt fram samþykki landeiganda dags. 18. ágúst, lóðauppdráttur dags. 19. ágúst 2021 og yfirlitsmynd, samningur og hnitaskrá dags. 22. mars 2021. Einnig er lagður fram tölvupóstur skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps dags. 6. október 2021 ásamt fylgiskjali.




Í gildi er deiliskipulag fyrir Skálafell dags. 18.12.2001 m.s.br, síðast breytt árið 2019 með ákveðinni heildarendurskoðun að hluta. Þar er fjarskiptastöðin í jaðri skipulagsins og við sveitarfélagsmörkin. Ákveðið var að senda erindið til Kjósahrepps þar sem fyrirhuguð lóðarafmörkun liggur að sveitarfélags-mörkum Kjósahrepps. Í tölvupósti þaðan 6. október þá kemur fram að erindið var tekið fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar 30. september og lagt fram og gerði nefndin ekki athugasemdir.

**Niðurstaða**
Lagt er til að lóðarafmörkunin sé samþykkt. Jafnframt er lagt að lóðarafmörkunin utan um fjarskiptastöðina verði fest í sessi í skipulagi fyrir Skálafell og tillagan lögð fram. Kjósahreppur hefur ekki gert athugasemdir þannig að lagt er til að unnin verði óveruleg tillaga að deiliskipulagi til samþykkis í Skipulags- og samgönguráði. Drög liggja fyrir og eru þau í samræmi við umrædda lóðarafmörkun.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, **/Björn I. Edvardsson**

# Skipulags- og byggingarnefnd

150. fundur
30. september 2021 kl. 17:00
stóra fundarsal m. skjá

Nefndarmenn
Þórarinn Jónsson varamaður
*Aðalmaður: Maríanna Hugrún Helgadóttir*
Elís Guðmundsson ritari
Magnús Ingi Kristmannsson varaformaður

Starfsmenn
Sigurður Hilmar Ólafsson byggingafulltrúi
Karl Magnús Kristjánsson oddviti
Helena Ósk Óskarsdóttir aðstoðarmaður byggingarfulltrúa

Fundargerð ritaði: Sigurður Hilmar Ólafsson skipulags- og byggingarfulltrúi

## Dagskrá

Skipulagsmál

### 1. Deiliskipulag á neðri hluta jarðarinnar Hvítaness

2109055

Eigandi, ásamt Arkitektum frá Glámu Kím og Arkþingi mættu á fundinn og lýstu uppbyggingaráformum á svæðinu.

**Niðurstaða:**
*Lagt fram*

*Nefndin þakkar góða kynningu.*

This document was created by an application that isn't licensed to use novaPDF.
Purchase a license to generate PDF files without this notice.

## 2. Nesvegur 2, L227321 - Óveruleg breyting deiliskipulags

2108029

Landlínur leggja fram tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi. Um er að ræða breytingu á skipulagsskilmálum lóðarinnar við Nesveg 2, L227321 og tekur breytingin einungis til hluta liðs "Byggingarskilmálar" í greinargerð deiliskipulags, þ.e. mænishæð þakhalla og mænisstefnu.
Skipulagsuppdráttur er óbreyttur og er breytingin í samræmi við Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029.

**Niðurstaða:**
*Samþykkt*

*Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemdar skv. 43. grein skipulagslaga málsgrein 2.*

## 3. Eyjar 2, L208809 - Umsókn um stofnun lóða

2108037

Umsókn um stofnun lóða í samræmi við deilsikipulag í landi Eyja 2, Sandsárbakki 1-14.

**Niðurstaða:**
*Samþykkt*

*Samþykkt, með fyrirvara um að umsókn sé undirrituð af eiganda eða eigendum upprunafasteignar, sbr. 14. gr. laga nr. 6/2001.*

## 4. Valdastaðir I, L126475 - Umsókn um stofnun lóða

2109037

Umsókn um stofnun lóða í landi Valdastaða 1.

**Niðurstaða:**

This document was created by an application that isn’t licensed to use novaPDF.
Purchase a license to generate PDF files without this notice.

*Samþykkt*

*Samþykkt, með fyrirvara um að umsókn sé undirrituð af eiganda eða eigendum upprunafasteignar, sbr. 14. gr. laga nr. 6/2001.*

## 5. Lækjarás, L219739 - Fyrirspurn um breytta skráningu lóðar.

2109025

Sótt er um að breyta lóðinni Lækjarás, L219739 úr sumarhúsalóð í íbúðarhúsalóð.

**Niðurstaða:**
*Samþykkt*

*Samræmist aðalskipulagi. Samþykkt að grenndarkynna í samræmi við 2. mgr. 44. gr.Skipulagslaga nr. 123/2010.*

## 6. Eyjavík 6, L198314 og 16,L125988 - Fyrirspurn um byggingu einbýlishúss.

2109019

Spurst er fyrir um hvort leyfilegt yrði að byggja íbúðarhús á lóðunum Eyjavík 6 og 16 og þá breyta lóðunum úr frístundalóðum í íbúðarhúsalóðir, skv. meðfylgjandi fyrirspurnaruppdráttum.

**Niðurstaða:**
*Lagt fram*

*Jákvætt tekið í erindið.*

Byggingarmál

## 7. Nesvegur 1 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

2109052

This document was created by an application that isn’t licensed to use novaPDF.
Purchase a license to generate PDF files without this notice.

Umsókn um byggingarleyfi fyrir 38,4 m2 frístundahúsi, mhl 01, skv. aðaluppdráttum dags. 17.07.2021.

**Niðurstaða:**
*Frestað*

*Frestað þar til deiliskipulag liggur fyrir.*

## 8. Nesvegur 3, L231748 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

2109038

Umsókn um byggingarleyfi fyrir 126,0 m2 frístundahúsi, mhl 01, skv. aðaluppdráttum dags. 03.06.2021.

**Niðurstaða:**
*Frestað*

*Frestað þar til deiliskipulag liggur fyrir.*

## 9. Hjarðarholtsvegur 18, L126328 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

2109040

Umsókn um byggingarleyfi fyrir niðurrifi á 38,8 m$^2$ sumarbústað, ásamt byggingu á 97,0 m2 frístundahúsi, mhl 01, og 14,7 m$^2$ gestahúsi mhl. 02, skv. aðaluppdráttum dags. 15.09.2021. Stærð lóðar 1.600 m$^2$. Nýtingarhlutfall á lóð yrði samtals 0,0698.

**Niðurstaða:**
*Samþykkt*

*Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemdar skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.*

## 10. Stampar 5, L199318 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

2109031

This document was created by an application that isn't licensed to use novaPDF.
Purchase a license to generate PDF files without this notice.

Umsókn um byggingarleyfi fyrir 159,7 m² frístundahúsi, mhl 01, skv. aðaluppdráttum dags. 17.09.2021.

**Niðurstaða:**
*Samþykkt*

*Byggingaráform samþykkt.*

## 11. Stampar 7, L199320 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

2109003

Umsókn um byggingarleyfi fyrir 183,6 m² frístundahúsi, mhl 01, skv. aðaluppdráttum dags. 02.04.2021.

**Niðurstaða:**
*Frestað*

*Byggingarfulltrúa falið að ræða við umsækjanda.*

Byggingarmál

## 12. Dælisárvegur 16, L126300 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

2108060

Umsókn um byggingarleyfi fyrir 40,0 m² bílgeymslu, mhl 02, skv. aðaluppdráttum dags. 30.08.2021. Stærð lóðar 3.800 m². Fyrir er á lóðinni 119 m² sumarbústaðaur. Nýtingarhlutfall á lóð yrði samtals 0,0418.

*Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemdar skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.*

## 13. Ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana

2109060

This document was created by an application that isn't licensed to use novaPDF.
Purchase a license to generate PDF files without this notice.

Skipulagsstofnun vekur athygli á nýjum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana sem tóku gildi þann 1. september síðastliðinn. Nánari upplýsingar má nálgast á vef Skipulagsstofnunar, skipulag.is.

**Niðurstaða:**
*Lagt fram*

## 14. Skálafell, lóðarafmörkun

2109061

Tillagu að lóðarafmörkun er til meðferðar hjá skipulagssviði Reykjavíkurborgar, sem liggur að sveitarfélagsmörkum Kjósahrepps. Um er að ræða lóðarafmörkun utan um fjarskiptamannvirkin á toppi Skálafells og er lóðin alfarið innan jarðarinnar Stardals.

**Niðurstaða:**
*Lagt fram*

*Nefndin gerir ekki athugasemdir.*

**Fundi slitið.**

This document was created by an application that isn’t licensed to use novaPDF.
Purchase a license to generate PDF files without this notice.

Úr landamerkjaskrám.

Landamerkjabrjef 1888
fyrir jörðinni Stardal í Kjalarneshreppi innan Gullbringusýslu eru þessi:

Úr efsta Rjúpnagilsbotni ræður gilið ofaní bugðu svo ræður Bugða ofan í Leirvogsvatn, svo ræður Áin að læk þeim sem er fyrir vestan beitarhús frá Stardal, frá læknum yfir svo nefnt Amt, og í Skopru, beina sjónhending í vörðu þá sem er að sjá í austur frá dysinu því nyrðra, úr vörðu þeirri austur háfjall í fyrrnefndan Rjúpnagilsbotn.

---

Írafell. 1912

Norður við Laxá, er ás sá, sem Hulsstaðaás nefnist: hann er á landamerkjum milli Írafells og Fremmra – Hálslands. Á hann eru hlaðnar 2 vörður og er bein stefna frá þeim í vörðu, sem hlaðin er á nyrðri fellsbrún og þaðan bein stefna í vörðu á suðurbrún og þaðan austur fell eptir því sem votnum hallar og merki segja til. –

Af eystra fellsenda í Nonbungu, eptir því sem vötnum hallar og merki tilvísa. Af nónbungu bein stefna í vestra snjófannarhlíðarhorn og þaðan suður fjall í Þverárdalsbotn.

Úr Þverárdalsbotnunum bein stefna suður á Skálafell þaðan bein stefna vestur Skálafell, eptir því sem vötnum hallar alla leið vestur, að desi því, sem er á Svínaskarði þaðan ræður Svínadalsá merkjum milli Írafells og Möðruvalla alla leið í Laxá sem ræður að norðan, að fyrnefndum Hulsstaðaás. – Á öllum merkjavörðunum er klappað L.M. sem þyðir landamerki.–




1 Yfirlitsmynd
M=1: 20.000

2 Grunnmynd
M=1: 1.000

Skýringar

Teikningin sýnir landamerkjapunkta nr. 250 - 260 samkvæmt innmælingu sem Hilmar Örn Egilsson gerði þann 10.10.2020. Milli landamerkjapunktanna er dregin landamerkjalína milli jarðanna Stardals, L125755 og Írafells, L~~125136.~~ 126136 VÁ ÞS

Mynd í stærri mælikvarða sýnir landamerkin við fjarskiptastöðina á kolli Skálafells.

Hnitaskrá sýnir hnit landamerkjapunktanna í ÍSNET93 hnitakerfinu og að auki landfræðileg hnit (breidd og lengd).

fyrir hönd Írafells

Vilhjálmur Árnason
Vilhjálmur Árnason

Þorbjörg Skúladóttir
Þorbjörg Skúladóttir

fyrir hönd Stardals, Mosfellsbæ 25. maí 2021

Þórdís Jóhannesdóttir
Þórdís Jóhannesdóttir

Vottar að undirritun, dagsetningu og fjárræði:
Jóhanna Magnússon 2402674119.
Þórður [signature] 140171-3289

**Hnitaskrá landamerkjapunkta**

| Punktur nr. | Austurhnit (m) | Norðurhnit (m) | Breidd (dd°mm'ss,ss") | Lengd (dd°mm'ss,ss") |
|---|---|---|---|---|
| | ÍSNET 93 | | Landfræðileg hnit | |
| 250 | 378.789,4243 | 417.782,3230 | 64°14'27,59" | -21°29'57,57" |
| 251 | 379.448,8620 | 417.248,9450 | 64°14'11,22" | -21°29'07,11" |
| 252 | 379.669,9448 | 417.127,0797 | 64°14'07,57" | -21°28'50,37" |
| 253 | 379.788,6818 | 417.162,8915 | 64°14'08,87" | -21°28'41,67" |
| 254 | 379.990,8190 | 417.335,8540 | 64°14'14,71" | -21°28'27,18" |
| 255 | 380.201,3190 | 417.610,2650 | 64°14'23,83" | -21°28'12,37" |
| 256 | 380.512,9830 | 417.673,9880 | 64°14'26,28" | -21°27'49,45" |
| 257 | 380.544,3576 | 417.696,2845 | 64°14'27,04" | -21°27'47,18" |
| 258 | 380.553,3097 | 417.688,0768 | 64°14'26,78" | -21°27'46,50" |
| 259 | 380.563,8772 | 417.691,7687 | 64°14'26,92" | -21°27'45,72" |
| 260 | 382.140,8060 | 418.242,6930 | 64°14'46,66" | -21°25'50,36" |
| | | | | |

VBV Verkfræðistofa
Bjarna Viðarssonar ehf
Hlíðarsmára 2, 201 Kópavogi, sími 588 62 88, fax 568 08 68

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | |
| Staður: | Skálafell |
| Viðfang: | Landamerki Írafells og Stardals |
| Gerð: | Yfirlitsmynd, samningur og hnitaskrá |
| Reiknað: | |
| Teiknað: | GÞ |
| Hannað: | |
| Yfirfarið: | |
| Undirritun hönnunarstjóra: | |
| Útgáfudagur teikningar: | 22.03.2021 |
| Blaðstærð: | A3 |
| Mælikvarðar: | 1:20000, 1:1000 |
| Verknúmer: | 801206 |
| Flokkur: | L |
| Teikning númer: | 06 |
| Breyting: | |

# STAÐFESTING LANDAMERKJA

Við undirrituð, Vilhjálmur Árnason, kt. 240263-3199 og Þorbjörg Skúladóttir, kt. 240967-4809, þinglýsir eigendur jarðarinnar Írafells í Kjósarhreppi, fastanúmer F2086179, landsnúmer L126136 annars vegar og hins vegar Þórdís Jóhannesdóttur, kt. 200234-3919 sem er þinglýstur eigandi jarðarinnar Stardals, fastanr.F2085466, landsnr. L 125755, í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, staðfestum hér með svofellt samkomulag landeigenda um hnitsetningu landamerkja milli ofangreinda jarða.

Til grundvallar samkomulaginu liggja landamerkjabréf jarðanna, annars vegar fyrir Stardal dags. 20. nóvember 1888 en hins vegar fyrir Írafell dags. 31. maí 1912.

Ofangreindir landeigendur og fulltrúar þeirra gengu á merki hinn 10. október 2020 ásamt Hilmari Erni Egilssyni landmælingamanni, sem eftir okkar fyrirsögn hefur mælt hnit þar sem við teljum rétt merki milli jarðanna, sem liggja um vatnaskil á Skálafelli. Austast miðast þau við punkt á vatnaskilum milli Þverádalsbotns að norðan og Rjúpnagilsbotns að sunnan.

Vestan til miðast mörkin skv. landamerkjakrá Stardals við „*vörðu þá sem er að sjá í austur frá dysinu því nyrðra, úr vörðu þeirri austur háfjalli fyrrnefndan Rjúpnagilsbotn.*“. Írafellsskráin segir mörkin liggja „*úr Þverárdalsbotnum bein stefna suður á Skálafell þaðan bein stefna vestur Skálafell, eptir því sem vötnum hallar alla leið vestur að Desi því sem er á Svínaskarði þaðan ræður Svínadalsá merkjum milli Írafells og Möðruvalla.*

Við núverandi fjarskiptamannvirki á toppi Skálafells höfum við sett niður tvö ný landamerki þannig að mannvirkin lenda öll í landi Stardals.

Milli framangreindra punkta, sem liggja vestast og austast á mörkum jarðanna höfum við sett niður punkta en um þá teljum við landamerkjalínu milli jarðanna liggja. Hnit landamerkjapunkta eru í meðfylgjandi hnitaskrá og hafa hnitin númer frá og með 250 til og með 260. Eru hnitin og lína milli þeirra dregin upp á landakorti af umræddum landssvæði, sem við höfum í dag staðfest með undirritun okkar.

Með framangreindum hætti staðfestist samkomulag eigenda Írafells og Stardals um landamerki jarðanna.

Reykjavík 25. mars 2021

Eigendur Írafells

Eigandi Stardals

Þórdís Jóhannesdóttir

Vottur að undirritun, dagsetningu og fjárforræði:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vilhjálmur Árnason | 240263-3199 | Jóhanna Magnúsdóttir | 240267-4119 |
| nafn | kt. | nafn | kt. |
| Þorbjörg SK | 240967-4809 | [illegible] | 110171-3289 |
| nafn | kt. | nafn | kt. |

1890

Þinglesið 3. júní

Nr. 74.

Landamerkjabrjef

fyrir jörðinni Stardal í Kjalarneshreppi innan Gullbringusýslu eru þessi: Úr efsta Rjúpngilsbotni, ræður gilið ofan í bugðu svo ræður Bugða ofan í Leirvogsvatn, svo ræður Áin að læk þeim sem er fyrir vestan beitarhús frá Stardal, frá læknum yfir svonefnt Amt, og í Skopru, beina sjónhending í vörðu þá sem er að sjá í austur frá dysinni þvi nyrðra, úr vörðu þeirri austur háfjall í fyrrnefndan Rjúpnagilsbotn.–

Stardal 20. Nóv. 1888.

S. Guðmundsson

Jón Thorstensen

Beneficiarius Þingvallakirkjujarða.

Jóhann Þorkelsson

Beneficiarius Mosfells í Mosfellssveit.

Jón Guðmundsson

Eigandi Kolr.

Borgað Króna

Elóf Eiríksdóttir (nafnið handsal)

Lesið á manntalsþingi fyrir Kjalarneshrepp að Mónum hinn 3. júní 1890 og síðan ritað í . . . etc.

(Borgað Gjald Króna)

Franz Siemsen

stefnu vestur að Rjúpnagili, svo ræður Rjúpnagil upp að Giljunum fremur, það er miðgilið, og úr því bein stefna í Þverárdalsbrún, þá nyrðri. Þaðan norður brúnirnar í vestara Stóðfannar-kliðarhorn, og þaðan beina stefnu í Nónbungu.

Af Nónbungu norður Dagmálafjall ofan á háls, eptir því, sem merki til vísa. Af hálsinum vestur Grafellsfjall, eptir því sem vötnum hallar og merki segja til. Af fellinu bein lína ofan á ás þann, sem Hulsstaðaás nefnist og er á landamerkjunum milli Fremra-Háls og Grafells: Á allar landamerkja vörður, er klappað L.M. sem á að þýða Landa-Merki. –

Hulsstaðaás er norður við Laxá, og frá honum ræður Laxá mörkum austur að áðurnefndum sjólulær. –

Fremra-Hálsi 31. maí 1912. –

Samþykkur Guðm. Eyjólfsson eigandi Grafells. Einar Ólafsson

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps, að Laxá 1. Júní 1912, og ritað á landamerkjabók sýslunnar Nr. 9.

Gjald: 2 – tvær – krónur greitt. } Magnús Jónsson

Magnús Jónsson

---

Nr. 10. –

Landamerkjabréf fyrir jörðina Grafell í Kjósarhreppi. –

Norður við Laxá, er ás sá, sem Hulsstaðaás nefnist: hann er á landamerkjunum milli Grafells og Fremmra-Hálslands: Á hann eru hlaðnar 2 vörður og er bein stefna frá þeirri í vörðu, sem hlaðin er á nyrðri fellsbrún og þaðan bein stefna í vörðu á suður brún, og þaðan austur fell eptir því sem vötnum hallar

og merki segja til.-

Af eystra fellsenda í Kónbungu, eptir því sem vötnum hallar og merki tilvísa. Af Nór-bungu beina stefnu í vestra snjófannarhliðarhorn og þaðan suður fjall í Hverárdalsbotn..

Úr Hverárdalsbotninum beina stefnu suður á Skálafell þaðan beina stefnu vestur Skálafell, eptir því sem vötnum hallar alla leið vestur, að desi því, sem er á Svínaskarði þaðan ræður Svínadalsá merkjum milli Írafells og Möðruvalla alla leið í Laxá sem ræður að norðan, að fyrnefndum Hulistaða-ás.- Á öllum merkjavörðunum er klappað L.M. sem þýðir landamerki.-

Írafelli 31. maí 1912.-

Eigandi og ábúandi jarðarinnar
Guðm. Eyjólfsson

Samþykkur Guðbrandur Einarsson búandi á Hækingsdal. Guðmundur Sigurðarson
Eigandi jarðarinnar Fremra-Háls.-
Einar Ólafsson

Lesið á manntalsþingi Kjósarhrepps þann 1. Júní 1912, og ritað í landamerkjabók sýslunnar Nr. 10.

Gjald: 2 - tvær krónur } borgað
Magnús Jónsson

Magnús Jónsson